

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júlí 1981.

Nr. 224/1978. **Jón Valgeirsson og**
Elísabet Matthíasdóttir
 (Þórður Gunnarsson hdl.)
 gegn
Hólmari Víði Gunnarssyni og
Guðjóni Ingvarssyni
 (Guðmundur Markússon hdl.).

Vanskilaheimild. Riftun. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1977, og stefndu gagnáfrýjuðu því með stefnu 21. október s. á. Útivistardómur gekk í aðalsök og gagnsök málsins 1. desember 1978. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 29. desember 1978. Hafa þau haft uppi þessar dómkröfur:

1. Að þau verði sýknuð af kröfum stefndu, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar.

2. Að stefndu, Hólmari Víði og Guðjón, verði óskipt dæmdir til að greiða þeim 1.087.11 nýkrónur með 9% árs-vöxtum frá 25. janúar 1974 til 15. júlí s. á., með 13% árs-vöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

3. Að stefndu, Hólmur Víðir og Guðjón, verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 1.500.00 nýkrónur með 9% ársvöxtum frá 28. júní 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

4. Að stefndu, Hólmur Víðir og Guðjón, verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 2.300.00 nýkrónur með 9% ársvöxtum af 200.00 krónum frá 15. febrúar 1974 til 15. mars s. á., af 400.00 krónum frá þeim degi til 15. apríl s. á., af 600.00 krónum frá þeim degi til 15. maí s. á., af 800.00 krónum frá þeim degi til 15. júní s. á., af 1.000.00 krónum frá þeim degi til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum af 1.200.00 krónum frá þeim degi til 15. ágúst s. á., af 1.400.00 krónum frá þeim degi til 15. september s. á., af 1.600.00 krónum frá þeim degi til 15. október s. á., af 1.800.00 krónum frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af 2.050.00 krónum frá þeim degi til 15. desember s. á., en af 2.300.00 krónum frá þeim degi

til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

5. Að stefndi Hólmar Víðir verði dæmdur til að greiða þeim 3.500.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum af 2.000.00 krónum frá 28. nóvember 1974 til 28. desember s. á., en af 3.500.00 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1978, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., en með dómvöxtum, þ. e. 34.5% ársvöxtum, frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma.

6. Þá krefjast áfrýjendur þess, að stefndu, Hólmar Víðir og Guðjón, verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, Hólmar Víðir og Guðjón, hafa aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu einni, sem leiðir af breyttum gjaldmiðli, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara hafa þeir krafist þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 11.500.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 28. desember 1974 til greiðsludags og 2.300.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 15. desember 1974 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa enn fremur stefnt Konráð Ó. Sævaldsyni fyrir Hæstarétt, en engar kröfur gert á hendur honum. Hafa þeir lýst yfir, að eingöngu beri að líta á stefnuna á hendur þessum málsaðilja í héraði sem tilkynningu um áfrýjun málsins, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 75/1973. Af hálfu Konráðs Ó. Sævaldssonar hefur enginn komið fyrir Hæstarétt og engar kröfur verið gerðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Fallast má á það með héraðsdómi, að misbrestir á því, að stefndu væri gerð grein fyrir því, hvernig háttað var eignarheimild að m/b Skálafelli, SH 240, samkvæmt skráningu í skipaskrá og afsals- og veðmálabækur svo og fyrir veigamiklum atriðum varðandi áhvílandi veðskuldir, hafi verið slíkir, að veitt hafi stefndu rétt til að rifta kaupsamningi sínum við áfrýjendur. Einnig verður á það fallist, að þeim riftunarrétti hafi stefndu ekki glatað fyrir þá sök eina, að báturinn fórst í fiskiróðri og verður því ekki lengur skilað áfrýjendum, sbr. 58. gr. laga nr. 39/1922. Því er ekki haldið fram, að bátstapinn eða útborgun veðskuldanna af váttryggingarfé hafi að öðrum ástæðum haft áhrif á riftunarrétt stefndu, ef hann teldist hafa verið fyrir hendi, og kemur það atriði því ekki til sérstakrar athugunar. Samkvæmt þessu verður staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að stefndu hafi verið heimil riftun á kaupsamningi sínum við áfrýjendur.

II.

Váttryggingarfé m/b Skálafells var varið til þess að greiða ógreidd váttryggingariðgjöld vegna bátsins og veðskuldir, sem á honum hvíldu. Að öðru leyti rann það til greiðslu á ógreiddri kaupverðsskuld áfrýjenda við hina skráðu eigendur bátsins, að því er ætla verður. Kröfur, sem í þessu máli eru hafðar uppi um skil á verðmætum vegna framangreindrar riftunar, varða því einvörðungu verðmæti, sem stefndu afhentu áfrýjendum eða bar að afhenda þeim. Kröfur stefndu, sem að þessu lúta, eru að meginstofni þrípættar:

1. Krafa um endurgreiðslu fjár, sem stefndu hafa goldið áfrýjendum upp í kaupverð.

2. Krafa um skil á víxlum, sem stefndu afhentu áfrýjendum upp í kaupverðið, en hafa ekki greitt.

3. Krafa um, að stefndu verði dæmt óskýlt að gefa út skuldabréf fyrir þeim hluta kaupverðs, sem kaupsamningur kvað á um.

Um 1. lið: Hér er um að ræða fjárhæð, sem nemur samtals 145.000 gkrónum. Fé þetta guldu stefndu áfrýjendum þannig, að 75.000 krónur voru greiddar í peningum sem útborgun af kaupverði m/b Skálafells, en 70.000 krónur eru vegna tveggja víxla, sem stefndu afhentu upp í kaupverðið, en greiddu síðar. Var annar víxillinn að fjárhæð 50.000 krónur, með gjalddaga 28. desember 1973, en hinn að fjárhæð 20.000 krónur, með gjalddaga 15. janúar 1974. Þar sem fallist hefur verið á riftunarkröfuna, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að fé þetta skuli áfrýjendur endurgreiða stefndu, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af lögum nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. og lög nr. 65/1979, og enn fremur þeirri, að vextir verða 9% ársvextir frá 4. febrúar 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Um 2. lið: Hér er um að ræða samtals 18 víxla, sem stefndu afhentu áfrýjendum upp í kaupverð m/b Skálafells. Eru það annars vegar 7 víxlar, sem út gefnir voru af stefnda Hólmari Víði, en samþykktir af stefnda Guðjóni, og hins vegar 11 víxlar, sem út gefnir voru af stefnda Hólmari Víði, framseldir af stefnda Guðjóni, en samþykktir af Þorsteini La Voque. Nánar tiltekið eru víxlarnir þeir sem nú skal greint:

A. Víxlar samþykktir af stefnda Guðjóni:

1. Víxill að fjárhæð 50.000 gkr., með gjalddaga 28. janúar 1974.
2. Víxill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. febrúar 1974.

3. Vixill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. apríl 1974.
4. Vixill að fjárhæð 150.000 gkr., með gjalddaga 28. júní 1974.
5. Vixill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. sept. 1974.
6. Vixill að fjárhæð 200.000 gkr., með gjalddaga 28. nóv. 1974.
7. Vixill að fjárhæð 150.000 gkr., með gjalddaga 28. des. 1974.

B. Vixlar samþykktir af Þorsteini La Voque:

1. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. febrúar 1974.
2. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. mars 1974.
3. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. apríl 1974.
4. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. maí 1974.
5. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. júní 1974.
6. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. júlí 1974.
7. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. ágúst 1974.
8. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. september 1974.
9. Vixill að fjárhæð 20.000 gkr., með gjalddaga 15. október 1974.
10. Vixill að fjárhæð 25.000 gkr., með gjalddaga 15. nóv. 1974.
11. Vixill að fjárhæð 25.000 gkr., með gjalddaga 15. des. 1974.

Áfrýjendur hafa staðhæft, að vixlarnir, sem greindir eru í A 1 og A 3 séu nú glataðir. Þeir hafa ekki fengið vixlana ógilta með dómi. Þykir framangreind staðhæfing þeirra, sem

er engum sérstökum gögnum studd, að svo vöxnu ekki standa því í vegi, að krafa stefndu um skil á víxlum þessum verði tekin til greina.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1975 í víxilmáli, sem nafngreindur héraðsdómslögmaður höfðaði á hendur stefndu, voru þeir báðir dæmdir til að greiða víxil þann, sem greindur er undir A 2 að framan. Með dómi sama dómstóls 9. júlí 1975 í víxilmáli, sem annar nafngreindur héraðsdómslögmaður höfðaði á hendur þeim, voru þeir báðir einnig dæmdir til að greiða víxil þann, sem greindur er undir A 5. Með sama dómi var stefndi Guðjón enn fremur dæmdur til að greiða þá víxla, sem greinir undir A 6 og A 7, en af kröfu um greiðslu þeirra víxla var stefnda Hólmari Víði dæmd sýkna. Áfrýjendur hafa lýst yfir, að framangreind víxilmál hafi verið höfðuð sín vegna. Verður við það að miða, að þeir hafi verið og séu enn eigendur víxlanna og séu eigendur krafanna samkvæmt dómunum. Stefndu hafa engar kröfur haft uppi eftir ákvæðum 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 vegna dóma þessara. Þeir hafa að vísu eigi bent á ástæður, sem leiði til, að þeir þurfi á víxlunum að halda, eða haldið fram, að víxlarnir séu fémætir fyrir þá. Þar sem áfrýjendur hafa hins vegar ekki andmælt kröfum um skil á víxlunum, ef fallist verði á riftunarkröfuna, verða þær teknar til greina.

Víxla þá, er greinir undir A 4 og B 9—11, hafa áfrýjendur lagt fram í þessu máli. Verður fallist á kröfur stefndu varðandi víxla þessa.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1975 í víxilmáli, sem Gunnar Gunnarsson í Ólafsvík höfðaði á hendur stefndu og Þorsteini La Voque til greiðslu víxlanna, er greinir undir B 1—8 að framan, voru stefndu sýknaðir af kröfu um greiðslu víxla þessara, en Þorsteinn dæmdur til að greiða þá stefnanda þess máls. Við það verður að miða, að áfrýjendur hafi ekki eignarráð yfir víxlum þessum og að það sé ekki á þeirra valdi að skila þeim. Ber að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfum áfrýjenda varðandi víxla þessa.

Um 3. lið: Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að stefndu

sé óskyldt að gefa út skuldabréf þeirrar fjárhæðar, sem kaupsamningur aðilja mælir fyrir um.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verður staðfest, en eftir atvikum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu stefndu, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur á að öðru leyti að vera óraskaður að því er varðar áfrýjendur, Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttur, þó svo, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknist 9% ársvextir frá 4. febrúar 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefndu 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðuðu Hólmur Víðir Gunnarsson, Hverfisgötu 100, og Guðjón Ingvarsson, Bergstaðastræti 27, báðir hér í bæ, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. mars 1974, á hendur Jóni Valgeirssyni sjómanni, Siglufirði, og Konráði Ó. Sævaldssyni, Hamarshúsinu við Tryggvagötu hér í borg.

Í stefnu eru dómkröfur stefnenda þær, að gegn afhendingu kaupsamnings stefnenda og stefnda Jóns, sem gerður var 15. nóvember 1973 um v/b Skálafell, SH 240, verði stefndu dæmdir til greiðslu fjárfraða þeirra, sem hér eru raktar:

1. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða samtals að fjárhæð kr. 1.200.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá gjalddögum þeirra til greiðsludags,

andvirði átta víxla, sem út gefnir voru af stefnandanum Hólmarí Víði 15. nóvember 1973 og samþykktir voru af stefnandanum Guðjóni til greiðslu þannig:

Víxill að fjárhæð kr. 50.000 hinn 28. desember 1973.

Víxill að fjárhæð kr. 50.000 hinn 28. janúar 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. febrúar 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. apríl 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 150.000 hinn 28. júní 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. september 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 200.000 hinn 28. nóvember 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 150.000 hinn 28. desember 1974.

2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða andvirði tólf víxla, samtals að fjárhæð kr. 250.000, sem út gefnir voru af stefnandanum Hólmarí Víði 15. nóvember 1973 og samþykktir af Þorsteini La Voque til greiðslu þannig:

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. janúar 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. febrúar 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. mars 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. apríl 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. maí 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. júní 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. júlí 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. ágúst 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. september 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 20.000 15. október 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 25.000 15. nóvember 1974.

Víxill að fjárhæð kr. 25.000 15. desember 1974.

3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 75.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags.

4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum kr. 200.000 í bætur fyrir vinnutap, kostnað o. fl., sem þeir hafa haft í sambandi við kaup á v/b Skálafelli, SH 240.

5. Á hendur stefnda Jóni Valgeirssyni, að kaupsamningur þeirra um kaup á v/b Skálafelli, SH 240, sem gerður var 15. nóvember 1973, verði dæmdur ógildur og gangi kaupin til baka, þar með að stefnendum verði talið óskýlt að gefa út veðskulda-bréf það, sem getið er í kaupsamningnum, að fjárhæð kr. 1.850.000, svo og setja fasteignaveð það, sem getið er neðst á bls. 2 í kaupsamningnum.

6. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að skaðlausu.

Með nýrri kröfugerð urðu kröfur stefnenda þessar:

„1) Að stefndur Jón Valgeirsson, sjómaður, Siglufirði, verði dæmdur til að skila eftirtöldum 7 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 1.150.000.00, útg. 15. nóv. 1973.

a)	með	gjalddaga	28/1	1974	að	fjárhæð	kr.	50.000.00
b)	—	—	28/2	1974	—	—	—	200.000.00
c)	—	—	28/4	1974	—	—	—	200.000.00
d)	—	—	28/6	1974	—	—	—	150.000.00
e)	—	—	28/9	1974	—	—	—	200.000.00
f)	—	—	28/11	1974	—	—	—	200.000.00
g)	—	—	28/12	1974	—	—	—	150.000.00

Víxlar þessir eru útg. og samþykktir til greiðslu af okkur Hólmari Víði og Guðjóni.

2) Að stefndur Jón Valgeirsson verði dæmdur til að skila eftirtöldum 11 víxlum að fjárhæð kr. 230.000.00, útg. 15. nóv. 1973 og ábektir af okkur Hólmari Víði og Guðjóni. Samþykkjandi víxla þessara var Þorsteinn La Wogue.

Gjalddagi þeirra og fjárhæð var þessi:

a)	15/2	1974	að	fjárhæð	kr.	20.000.00
b)	15/3	1974	—	—	—	20.000.00
c)	15/4	1974	—	—	—	20.000.00
d)	15/5	1974	—	—	—	20.000.00
e)	15/6	1974	—	—	—	20.000.00
f)	15/7	1974	—	—	—	20.000.00
g)	15/8	1974	—	—	—	20.000.00
h)	15/9	1974	—	—	—	20.000.00
i)	15/10	1974	—	—	—	20.000.00
j)	15/11	1974	—	—	—	25.000.00
k)	15/12	1974	—	—	—	25.000.00

3) Að framangreindur kaupsamningur verði dæmdur ógildur og kaupin á v/b Skálafelli SH 240 gangi til baka, þar með talið, að okkur Hólmari Víði og Guðjóni verði talið óskilt að gefa út veðskuldabréf það, sem rætt er um í kaupsamningi, að fjárhæð kr. 1.850.000.00, svo og að láta í té fasteignaveð það, er rætt er um neðst á bls. 2 í kaupsamningi.

4) Að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði in solidum dæmdir til að greiða okkur kr. 145.000.00 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 75.000.00 frá 15.

nóv. 1973 til 28. des. 1973, af kr. 125.000.00 frá þeim degi til 15. jan. 1974 og af kr. 145.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Fjárhæð þessi er kr. 75.000.00, sem við greiddum við samningsgerð, kr. 50.000.00 andvirði víxils útg. 15. nóv. 1973 með gjalddaga 28. des. 1973. Víxill þessi var útg. og samþykktur af okkur og greiddur af okkur. Kr. 20.000.00 er andvirði víxils, er útg. var 15. nóv. 1973, en samþykktur til greiðslu af Þorsteini La Wogue þ. 15. jan. 1974. Við vorum útgefendur og ábekingar víxils þessa og greiddum hann.

Þá krefjustum við þess, að þeir verði dæmdir til að greiða okkur in solidum kr. 200.000.00 í bætur fyrir vinnutap, kostnað o. s. frv.

5) Til vara krefjustum við þess, að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði in solidum dæmdir til að greiða okkur kr. 1.150.000.00, sem er andvirði víxla þeirra 7 að tölu ógreidda af okkur, er við gáfum út þ. 15. nóv. 1973 og samþykktum til greiðslu á gjalddögum þeim, er gert er grein fyrir hér að framan. Þá krefjustum við 1½ % dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá gjalddaga þeirra.

b) Við krefjustum, að Jón Valgeirsson og Konráð Sævaldsson verði dæmdir til að greiða okkur kr. 230.000.00, sem er andvirði 11 víxla ógreidda af okkur, útg. 15. nóv. 1973 og ábeakta af okkur og samþykktu til greiðslu af Þorsteini La Wogue á gjalddögum þeim, er greint er hér að framan. Þá krefjustum við 1½ % dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá gjalddögum þeirra.“

Stefndi Jón hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að mati dómsins.

Stefndi Konráð hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að mati dómsins.

Með stefnu, útfinni 3. nóvember 1975, höfðaði Jón Valgeirsson gagnsök í málinu á hendur Hólmari Víði Gunnarssyni og Guðjóni Ingvarssyni.

Kröfur gagnstefnanda, sem hafðar eru uppi til sjálfstæðs dóms, eru þessar:

„1. Að gagnstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða mér kr. 108.711.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 25. janúar 1974 til greiðsludags.

2. Að gagnstefndu verði enn fremur in solidum dæmdir til að greiða mér kr. 150.000.00 með 1½ % dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 28/6 '74 til 15/7 '74, en með 2% dráttar-

vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðslu dags.

3. Að gagnstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða mér kr. 230.000.00 með 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af kr. 20.000.00 frá 15. febrúar 1974 til 15. marz s. á., en af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 60.000.00 frá þeim degi til 15. maí 1974, af kr. 80.000.00 frá þeim degi til 15. júní s. á., af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 15. júlí s. á., en með 2% dráttarvöxtum af kr. 120.000.00 frá þeim degi til 15. ágúst s. á., af kr. 140.000.00 frá þeim degi til 15. september s. á., af kr. 160.000.00 frá þeim degi til 15. okt. s. á., af kr. 180.000.00 frá þeim degi til 15. nóv. s. á., af kr. 205.000.00 frá þeim degi til 15. des. s. á., en af kr. 230.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að gagnstefndi Hólmar Víðir verði einn dæmdur til að greiða mér kr. 350.000.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 200.000.00 frá 28/11 '74 til 28/12 1974, en af kr. 350.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Þá krefst ég þess enn fremur, að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til að greiða mér málskostnað í gagnsökinni skv. gjaldskrá L.M.F.Í.“

Í gagnsök hafa gagnstefndu gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnstefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur eiginkona aðalstefnda Jóns Valgeirssonar, Elísabet Matthíasdóttir, gerst aðili málsins í aðalsök og gagnsök við hlið eiginmanns síns.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. júní 1973 gerðu hjónin Elísabet K. Matthíasdóttir og Jón Valgeirsson, aðalstefndu og gagnstefnendur í máli þessu, skriflegt tilboð í m/b Skálafell, SH 240, ásamt nánar tilgreindum veiðarfærum og búnaði. Skyldi kaupverð vera kr. 6.550.000 og greiðast þannig: kr. 100.000 við samþykkt tilboðs, kr. 200.000 við afhendingu bátsins, kr. 650.000 með þremur víxlum með gjalddögum síðar á árinu, sá síðasti 22. desember 1973, og með því að taka að sér „áhvílandi skuldir samkv. framlögðum kvittunum: Fiskveiðasjóður m/skilm. sem því fylgir ca. kr. 2.900.000.00, Byggðasjóður m/skilm. s. þ. f. kr. 600.000.00, víxill við Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, kr. 50.000.00“. Eftirstöðvar kaupverðsins, sem þá voru taldar nema kr. 2.050.000, skyldu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu fimm árum með gjald-

dögum 15. september ár hvert, í fyrsta sinn 15. september 1974, og skyldu tryggðar með veðskuldabréfi, útgefnu af kaupendum, er hvíldi á bátnum með 3. veðrétti. Nokkur ákvæði voru í tilboðinu um frekari tryggingu kaupverðs og meðferð aflaverðmætis. Skyldi báturinn laus til fullra afnota fyrir kaupendur 26. júní 1973. Sama dag og tilboðið var gert var það samþykkt af þinglýstum eigendum bátsins, Gunnari Gunnarssyni og Kristjáni Helgasyni, en þeir höfðu eignast bátinn með heimildarbréfi, dags. 27. mars 1972. Fasteigna- og skipasala Konráðs Ó. Sævaldssonar hafði milligöngu um sölu bátsins. Jón Valgeirsson og eiginkona hans tóku síðan við bátnum, og var honum haldið til veiða um sinn, en sökum erfiðleika við útgerð bátsins varð að ráði hjá þeim, að Fasteigna- og skipasala Konráðs Ó. Sævaldssonar reyndi að selja bátinn. Hinn 15. nóvember 1973 gerðu þeir Hólmar Víðir Gunnarsson og Guðjón Ingvarsson, aðalstefnendur og gagnstefndu í málinu, skriflegt tilboð í bátinn fyrir milligöngu Fasteigna- og skipasölu Konráðs Ó. Sævaldssonar, svo sem síðar verður rakið. Skyldi fylgja bátnum allur sami búnaður og veiðarfæri, sem fylgt höfðu bátnum við fyrri kaup. Skyldi kaupverðið vera kr. 6.750.000 og greiðast þannig: 1. Kr. 75.000 við samþykkt kautilboðs með því að samþykkja við samþykkt tilboðs 12 víxla að fjárhæð samtals kr. 250.000, en kr. 250.000 skyldu greiðast á árinu 1974 og kr. 1.200.000, sem skyldu greiðast með átta greiðslum, síðast 28. desember 1974. 2. Þá skyldu kaupendur taka að sér „áhvílandi skuldir skv. framlögðum kvittunum: Fiskveiðasjóður og Byggingasjóður (sic) kr. 3.400.000.00.“ 3. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 1.850.000, skyldu kaupendur greiða með jöfnum afborgunum á næstu sjö árum með gjalddögum 28. febrúar og 28. ágúst ár hvert, í fyrsta sinni 28. febrúar 1975. Skyldu þær greiðslur tryggðar með veðskuldabréfi, útgefnu af kaupendum, er hvíla skyldi á bátnum með 3. veðrétti. Þá er neðst á 2. bls. á því eintaki tilboðsins, sem stefnendur hafa lagt fram, ólæsilegt ákvæði, en á öðru eintaki tilboðsins, sem aðalstefnendur hafa einnig undirritað, er á sama stað svohljóðandi ákvæði: „Liður 3 færist til lækkunar/hækkunar eftir áhvílandi skuldum á Lið 2, 1. og 2. grein. Liður 1. 2. gr. víxlarnir verða baktryggðir í búð nr. 100 við Hverfisgötu, Reykjavík.“ Þá kemur fram í tilboðinu, að báturinn skyldi vera laus til fullra afnota fyrir kaupendur 30. nóvember 1973. Þá hefur komið fram, að tilboðið hafi verið háð þeim fyrirvara, að kaupendur skoðuðu og reyndu skipið. Fóru Hólmar Víðir og Guðjón til Siglu-

fjarðar, þar sem báturinn var, svo sem síðar kemur fram. Með símskeyti til Fasteigna- og skipasölu stefnda Konráðs, dags. 16. nóvember, samþykkti Jón Valgeirsson kauptilboð aðalstefnenda. Aðalstefnendur sóttu síðar bátinn til Siglufjarðar. Fóru þeir síðan í fyrsta róður á bátnum frá Reykjavík í janúar 1974. Fórst báturinn í þeirri sjóferð hinn 25. janúar, en mannbjörg varð. Með bréfi, sem lögmaður aðalstefnenda ritaði stefnda Jóni Valgeirssyni 4. febrúar 1974, var vakin athygli á því, að í ljós hefði komið, að hann væri ekki skráður eigandi m/b Skálafells, heldur þeir Gunnar Gunnarsson og Kristján Helgason og væri Jón í vanskilum við þá. Þá væru áhvílandi veðskuldir hærri en fram kæmi í kaupsamningi aðalstefnenda og auk þess væru þær í vanskilum. Einnig hefði Jón látið hjá líða að gera aðalstefnendum grein fyrir váttryggingarverði bátsins. Hefðu aðalstefnendur keypt viðbótartryggingu, ef þeir hefðu vitað, hver váttryggingarfjárhæðin var, svo að báturinn væri fulltryggður. Teldu aðalstefnendur, að seljandi bæri ábyrgð á þessu og ætti að bæta aðalstefnendum það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir af þessum sökum. Var þess krafist, að aðalstefnendum yrði skilað víxlum þeim að fjárhæð kr. 1.425.000, sem þeir höfðu afhent, endurgreiddar yrðu þær kr. 75.000, sem þeir höfðu greitt við samningsgerðina, og fallið yrði frá, að þeir gæfu út skuldaþréf það að fjárhæð kr. 1.850.000, sem gert var ráð fyrir í kaupsamningi. Gegn þessu skyldi seljandi fá váttryggingarverð bátsins að frádregnum veðskuldum. Afrit framangreinds bréfs var sent Konráði Ó. Sævaldssyni og því jafnframt lýst yfir, að aðalstefnendur litu svo á, að sem milligöngumaður við sölu bátsins bæri hann ábyrgð á tjóni þeirra, sem stafaði af því, að báturinn hefði verið of lágt váttryggður, svo og öðru tjóni, sem þeir kynnu að bíða af því, hve illa hefði verið gengið frá samningsgerðinni. Fyrir liggur uppgjör Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á tjóni því, sem varð, er v/b Skálafell fórst. Kemur þar fram, að váttryggingarfjárhæð bátsins hafi numið kr. 5.372.400, og eftir að iðgjaldaskuldir og áhvílandi veðskuldir hafa verið dregnar frá, hafi staðið eftir kr. 1.260.130, sem ráðstafað hafi verið í þágu þinglýstra eigenda bátsins, Gunnars Gunnarssonar og Kristjáns Helgasonar. Af þesum atvikum er svo risið mál það, sem hér er til úrlausnar, með kröfum þeim, sem áður eru raktar.

Aðalstefnendur kærðu viðskipti þessi til sakadóms Siglufjarðar. Í tilefni af því hafa verið teknar skýrslur af þeim, sem

þarna komu við sögu. Einnig hafa aðilar og vitni komið fyrir dóm í máli þessu. Verða nú framburðir þessir raktir.

Hólmar Víðir Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að þeir aðalstefnendurnir hafi verið skipverjar á sama báti og hafi þeir ákveðið að leita sameiginlega eftir kaupum á báti. Guðjón hafi þekkt Jóhann Marel Jónasson og muni hann hafa talað við hann. Hafi Guðjóni þá verið boðið v/b Skálafell til kaups. Þeir hafi síðan báðir talað við Jóhann Marel Jónasson, sem hafi lýst kjörum varðandi kaupin. Eftir athugun hafi þeir talið sig geta keypt bátinn með þeim kjörum, sem Jóhann Marel Jónasson lýsti fyrir þeim. Hólmar Víðir kveður Guðjón hafa verið búinn að sjá bátinn áður og hafi honum litist vel á hann. Hólmar Víðir kveðst hafa vitað, að aðalstefndi Jón væri eigandi bátsins og báturinn var norður á Siglufirði. Þeim aðalstefnendum hafi verið ljóst, að báturinn var skráður í Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu, en þeir hafi talið, að Jón Valgeirsson væri búinn að fá afsal fyrir bátnum. Hann kveður þá aðalstefnendurna ekki hafa farið fram á, að þeim væri sýnt afsal til Jóns fyrir bátnum, það hafi ekkert verið minnst á það. Þá kveður hann ekki heldur hafa verið minnst á veðbókarvottorð, þegar kaupin fóru fram, en þeir félagarnir hafi talið, að þeim, sem söluna annaðist, þ. e. stefnda Konráði, bæri skylda til að hafa allt slíkt í lagi. Hann kveðst aldrei hafa rætt við Konráð Ó. Sævaldsson, áður en hann skrifaði undir kaupsamninginn. Hann kveður Konráð ekki hafa verið viðstaddan gerð samningsins eða undirskrift, heldur hafi það verið sölumaður hans, Jóhann Marel Jónasson, sem annaðist þetta. Hafi hann talið, að Jóhann Marel gerði þetta í umboði Konráðs. Hólmar Víðir kveðst ekki hafa vitað, að hluti af láni Eyggðasjóðs væri í þýskum mörkum, og hann hafi ekki vitað, að lán Fiskveiðasjóðs væri gengistrygt. Við samningsgerðina kveður hann ekki hafa verið rætt sérstaklega um lán þessi annað en það, að sér hafi skilist, hver heildarfjárhæð lánanna hjá sjóðunum væri, en ekki væri vitað nákvæmlega, hvernig lánin skiptust milli sjóðanna. Hólmar Víðir kveður þá aðalstefnendurna hafa lesið yfir eintak af samningnum og hafi þeir síðan undirritað hann. Kveður hann sér hafa skilist, að með samningsákvæði því, sem segir, að fjárhæð undir lið 3 færist til hækkunar eða lækkunar eftir áhvílandi skuldum á lið 2, væri átt við það, að þetta væri heildarfjárhæð lánanna hjá viðkomandi sjóðum og gert væri ráð fyrir því, að þessi fjárhæð mundi ekki breytast,

en Jóhann Marel Jónasson hafi ekki vitað, hversu há lánsfjárhæð væri hjá hvorum sjóði. Hann kveðst hafa vitað, að lán Fiskveiðasjóðs greiddist með hundraðshluta af aflaverðmæti, og hafi hann talið, að það lán væri mikið hærri en hjá Byggðasjóði, en hann hafi ekkert kynnt sér frekar um lán þessi. Hólmar Víðir kveður það hafa komið í ljós, skömmu eftir að þeir keyptu bátinn, að skuldirnar við Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð voru í vanskilum. Þeir hafi þá farið til stefnda Konráðs, sem þá hafi tekið það ráð að láta einn af víxlunum, sem þeir félagar höfðu samþykkt við kaupin, sem tryggingu fyrir þessari greiðslu. Hann kveðst ekkert hafa rætt um það við þá stefnda Konráð eða Jón, hver tryggingarfjárhæð bátsins var. Hann kveður alla aðilja hafa vitað, að þeir Guðjón gætu ekki sótt bátinn fyrr en eftir áramót, og hafi verið búið að segja Jóhanni Marel Jónassyni eða stefnda Jóni það. Eftir að búið var að flytja bátinn hingað til Reykjavíkur, kveður hann Guðjón hafa verið að athuga, hver tryggingarfjárhæð bátsins væri. Hafi verið leitað upplýsinga hjá Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, en áður en til þess kæmi, að þær upplýsingar lægju fyrir, hafi þeir farið í róður á bátnum. Í þeirri ferð hafi báturinn farist.

Guðjón Ingvarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi áður átt m/b Kára og hafi Jóhann Marel Jónasson séð um söluna á þeim báti sem starfsmaður Konráðs Ó. Sævaldssonar. Er þeir Hólmar Víðir fóru svo að leita fyrir sér um kaup á báti, hafi þeir rætt nokkrum sinnum við Jóhann Marel Jónasson og hafi hann bent þeim á m/b Skálafell. Hafi orðið að samkomulagi, að Jóhann semdi tilboð, sem þeir Hólmar Víðir hafi svo undirritað. Guðjón kveður þá Hólmar Víði aldrei hafa talað við Konráð Ó. Sævaldsson í sambandi við kaupin á m/b Skálafelli. Þeir hafi heldur ekki rætt við stefnda Jón um kaupin, fyrr en þeir hafi sótt bátinn norður til Siglufjarðar, en þá hafi verið búið að samþykkja tilboð þeirra. Guðjón kveður þeim Hólmar Víði hafa verið ljóst, er þeir keyptu bátinn, að hann var skráður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þeim hafi einnig verið kunnugt um það, hverjir hefðu verið eigendur bátsins á undan stefnda Jóni. Þeir hafi ekki spurt um það, hvort Jón hefði í höndum afsal fyrir bátnum, því þeir hafi talið það sjálfsagt. Þeim hafi alls ekki dottið í hug, að Jón væri þarna að selja bát, sem hann hafði aðeins eignast með kaupsamningi, sem svo hafi komið í ljós, að hann hafði vanefnt. Hann kveður þeim Hólmar Víði ekki hafa verið sýnt veðbókarvottorð um bátinn og athygli

þeirra hafi ekki verið vakin á því, að það væri fyrir hendi. Þeir félagarnir hafi ekki spurt um veðbókarvottorðið, því þeir hafi talið víst, að sá, sem hafði milligöngu um söluna, sæi um, að þetta væri í lagi. Guðjón kveður það ekki hafa komið fram í viðræðunum við Jóhann Marel Jónasson, hvernig tryggingu bátsins væri háttað og hversu há tryggingarfjárhæðin væri. Hann kveður sér ekki hafa verið kunnugt um, að hluti af láni Byggðasjóðs, sem á bátnum hvíldi, væri í þýskum mörkum. Sér hafi heldur ekki verið kunnugt um, að lán Fiskveiðasjóðs á bátnum væri gengistrygt. Kveður hann ekkert hafa verið rætt um lán þessi í einstökum atriðum í viðræðunum, sem fram fóru um kaupin. Guðjón kveður þá Hólmar Víði ekki hafa fengið eintak af sjálfum kaupsamningnum, er þeir undirrituðu hann. Hann kveðst nokkru síðar hafa farið í skrifstofu stefnda Konráðs og beðið um afrit af samningnum, en verið synjað um það og sagt, að hann fengi það um leið og afsalið fyrir bátnum. Eftir að þeir Hólmar Víðir höfðu sótt bátinn til Siglufjarðar, kveðst Guðjón hafa farið að leita upplýsinga um váttryggingu bátsins. Hafi hann í því sambandi talað við starfsmann Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu. Einnig hafi hann farið í skrifstofu Samábyrgðar Íslands til að athuga um tryggingu skipverja og ganga frá henni, en hann hafi ekki talið ástæðu til að athuga þar um tryggingu bátsins sjálfs. Fyrsti róðurinn á bátnum hafi svo verið farinn á föstudegi og hafi upplýsingar um tryggingu bátsins átt að liggja fyrir eftir helgina. Í þessum róðri hefði báturinn svo farist. Kveðst hann þá hafa farið í skrifstofu stefnda Konráðs og krafist að fá afrit af kaupsamningnum. Hafi Konráð þá viljað, að gerður yrði nýr samningur. Þetta hafi þeir Hólmar Víðir ekki viljað fallast á og hafi þeir svo loks fengið afrit af kaupsamningnum, sem þeir höfðu skrifað undir. Guðjón kveðst hafa skilið ákvæðið neðst á 2. bls. kaupsamningsins þannig, að þetta varði lánin hjá Byggðasjóði og Fiskveiðasjóði. Það væri vitað um samanlagða fjárhæð lánanna hjá báðum, en ekki lægi alveg ljóst fyrir, hversu hátt lán væri á hvorum stað, og því geti fjárhæð lánsins á hvorum stað breyst til hækkunar eða lækkunar, en heildarfjárhæðin verði óbreytt.

Stefndi Konráð Ó. Sævaldsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi annast um sölu m/b Skálafells til stefnenda máls þessa. Hann hafi áður annast kaup Jóns Valgeirssonar og eiginkonu hans á bátnum. Vegna vanskila þeirra á andvirði bátsins til fyrri eigenda hafi ekki verið hægt að skrá bátinn á nafn stefnda

Jóns eða gefa út afsal. Stefndi Jón hafi svo beðið sig að reyna að selja bátinn. Konráð kveður Jóhann Marel Jónasson hafa starfað á skrifstofu sinni og hafi hann annast tilboðasöfnun. Kveðst Konráð hafa undirbúið gerð tilboða með Jóhanni, en Jóhann hafi síðan fengið undirskriftir kaupenda. Er þeir aðalstefnendurnir hafi verið búnir að undirrita kautilboð, hafi hann svo haft samband við stefnda Jón og hafi hann samþykkt tilboðið með símskeyti. Kveðst Konráð síðan hafa gengið frá því, sem eftir var. Hafi ekki verið kominn á bindandi samningur, fyrr en kaupendur væru búnir að skoða bátinn. Konráð kveðst telja, að hann hafi ekki rætt við stefnendurna um væntanleg kaup, áður en þeir undirrituðu tilboðið. Þó sé þetta ekki alveg öruggt, því Guðjón hafi oft komið í skrifstofuna til sín í sambandi við önnur störf, sem hann vann fyrir Guðjón. Hann kveður þá aðalstefnendurna þó hafa komið í skrifstofuna til sín, eftir að þeir voru búnir að undirrita tilboðið. Hafi þá verið rætt um, að þeir þyrftu að fara norður og skoða bátinn. Einnig hafi hann talað um það við þá, að þeir þyrftu að tryggja sjálfa sig og einnig þyrftu þeir að hækka trygginguna á bátnum. Konráð kveðst hafa verið með veðbókarvottorð um bátinn frá því í júnimánuði. Hann hafi beðið um nýtt veðbókarvottorð frá viðkomandi yfirvaldi, en þess hafi ekki verið talin þörf, þar sem engar breytingar hefðu orðið frá því fyrra vottorðið var gefið út. Konráð kveður aðalstefnendum vel hafa verið kunnugt um, hver var þinglýstur eigandi bátsins, og hafi þetta komið fram á veðbókarvottorðinu, sem Jóhann Marel Jónasson hafi haft. Einnig hafi stefnandinn Guðjón þekkt Gunnar Gunnarsson vel, en hann hafi verið annar þinglesinn eigandi bátsins. Konráð kveðst hafa vitað, að öll lán Fiskveiðasjóðs væru gengistryggð að 3/5 hluta a. m. k., en það sé meginreglan. Hann kveður þetta hafa komið fram, er hann ræddi við aðalstefnendurna, og hafi þeir alveg vitað um þetta. Hann kveðst einnig hafa vakið athygli þeirra á því, að lán Byggðasjóðs væri að hluta í þýskum mörkum. Sé aðalreglan sú, að lán sjóðsins sé að 1/3 hluta í þýskum mörkum. Konráð kveður ekki hafa verið unnt að fá nákvæmar upplýsingar um, hversu skuldir þessar væru miklar, slíkt sé ekki hægt, þegar um sé að ræða skuldir við sjóði þessa. Því hafi sá varnagli verið settur í kaupsamninginn neðst á bls. 2, að 3. liður, sem sé eftirstöðvar kaupverðsins, færðist til hækkunar og lækkunar eftir áhvílandi skuld á lið 2.

Vitnið Jóhann Marel Jónasson hefur skýrt svo frá, að hann

hafi áður unnið fyrir stefnda Konráð, en þó þannig, að allir samningar, sem hann hafi séð um að gera, hafi verið gerðir með vitund og samþykki Konráðs. Kveðst Jóhann hafa verið fyrsti maðurinn, sem aðalstefnendurnir ræddu við um kaupin á v/b Skálafelli. Hann kveðst hafa haft í höndum öll gögn til að undirbúa kauptilboð, þar á meða veðbókarvottorð, sem legið hafi fyrir í formi símskeytis, en ekki kveðst hann muna, hvort hann hafi vakið athygli stefnenda á veðbókarvottorðinu. Jóhann kveður ekki hafa verið minnst á það, hvort Jón Valgeirsson væri búinn að fá afsal fyrir bátnum frá fyrri eigendum hans. Hann kveðst ekki hafa haft undir höndum gögn um váttryggingarfjárhæð bátsins, en aðalstefnendur hafi vitað, að báturinn var of lágt váttryggður, og hafi hann vakið athygli þeirra á þessu. Hann kveður það jafnframt hafa verið tekið fram, að hægt væri að kaupa aukatryggingu til að vega á móti verðhækkunum. Jóhann kveðst hafa vitað, að lán Fiskveiðasjóðs séu gengistryggð að hluta, og einnig hafi hann vitað, að lán Byggðasjóðs til skipa-kaupa séu að hluta í erlendum gjaldeyri. Hann kveðst ekki geta fullyrt, að hann hafi rætt um þetta við aðalstefnendur. Hann kveður aldrei hægt að fullyrða, hversu háar fjárhæðir hvíli á skipum vegna lána frá þessum stofnunum, og verði því að gera ráð fyrir lækkun og hækkun. Morguninn eftir að kaup-tilboðið var gert, kveðst hann hafa afhent skjölin til skrifstofu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi hann eftir það ekki haft meira af málinu að segja. Hann kveður mestan hluta viðræðnanna við aðalstefnendur í sambandi við kauptilboðið hafa farið í að ræða um greiðslugetu þeirra og hvort hún væri nægileg til að koma í veg fyrir, að báturinn yrði seldur vegna vanskilaskulda seljandans, Jóns. Vegna þessa hafi verið minni tími til að ræða önnur atriði varðandi kauptilboðið. Hann kveður aðalstefnendur hafa skrifað undir tilboðið með þeim fyrirvara, að báturinn væri í umsömdu ástandi. Þeir hafi síðan farið norður á Siglu-fjörð til að skoða bátinn. Jóhann kveður samninginn hafa verið ritaðan í einu lagi, þ. e. eitt frumrit með tveimur eða þremur afritum. Hafi öll eintökin verið undirrituð. Kveðst hann ekki geta gefið skýringu á mismun texta skjalanna, sem fram komi neðst á bls. 2 í einu eintakinu.

Jón Valgeirsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt m/b Skálafell af Kristjáni Helgasyni og Gunnari Gunnarssyni í júní-mánuði 1973. Hafi báturinn þá verið auglýstur af skrifstofu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi sölumaður hans, Jóhann Marel

Jónasson, séð um sölu bátsins. Hafi söluverð bátsins verið 6 milljónir 550 þúsund krónur. Jón kveðst nú hafa stundað færa-veiðar fram í september 1973, en þær hafi gengið mjög illa og hann hafi ekki séð sér fært að halda bátnum. Hann kveður útborgun kaupverðs hafa átt að vera lokið samkvæmt samningi um áramótin 1973/1974 og hafi hann þá átt að fá afsal fyrir bátnum. Hann kveðst nú hafa leitað til Konráðs Ó. Sævaldssonar síðari hluta ágústmánaðar og spurt hann um, hvort seljendurnir kynnu að vilja taka bátinn aftur. Hann hafi svo sjálfur talað við annan seljandann, Gunnar, og spurt, hvort seljendurnir vildu taka bátinn aftur. Hafi Gunnar sagt, að þeir félagarnir væru búnir að kaupa annan bát og hann, þ. e. Jón, skyldi selja bátinn, enda hefðu þeir seljendurnir þegar gefið Konráði Ó. Sævaldssyni leyfi til að selja bátinn. Jón kveðst svo hafa veitt Konráði Ó. Sævaldssyni umboð í símskeyti til að selja bátinn fyrir sína hönd. Konráð muni svo hafa selt bátinn í nóvembermánuði. Kaupendurnir hafi tekið við bátnum á Siglufirði 3. janúar 1974. Jón kveður söluverð bátsins hafa verið 6.750.000 kr. Hann kveðst ekki hafa fengið nein skjöl frá Konráði Ó. Sævaldssyni varðandi sölu bátsins. Jón kveður bátinn hafa verið í skyldutryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og sé um að ræða fasta fjárhæð, sem breytist með breyttri vísitölu. Hann kveðst auk þess hafa keypt viðbótartryggingu hjá Almennum tryggingum, sem numið hafi kr. 1.100.000. Þeirri tryggingu hafi hann sagt upp 10. september 1973. Þá hafi Konráð verið búinn að fá kaupendur að bátnum, en þeir hafi síðan dregið sig til baka. Jón kveður aðalstefnendur hafa vitað, að hann var ekki orðinn skráður eigandi bátsins, og hafði hann sagt þeim það sjálfur, er þeir komu að skoða bátinn í nóvembermánuði. Jón kveður það svo hafa verið milli jóla og nýárs, að Konráð hafi hringt í sig og sagt sér, að nú væri allt frá gengið og hann væri laus allra mála. Hefðu kaupendurnir yfirtekið allar skuldbindingar hans gagnvart fyrri eigendum bátsins. Mundu kaupendurnir svo koma öðrum hvorum megin við áramótin til að sækja bátinn. Jón kveðst ekki hafa vitað annað en að örugglega hafi verið gengið frá þessum viðskiptum, þar sem reyndur og vanur maður hefði séð um þau fyrir sína hönd. Jón kveðst ekki hafa vitað, að lánið við Byggðasjóð væri í van-skilum, fyrr en Konráð hafi sagt sér það, eftir að búið var að ganga frá sölu bátsins. Hann kveðst ekki hafa vitað, að hluti þessa láns væri í þýskum mörkum, þar sem þess hafi ekki ver-

ið getið í kaupsamningi. Jón kveðst hafa sagt aðalstefnendum það, bæði er þeir komu að skoða bátinn og eins er þeir komu að sækja hann, að þeir yrðu að kaupa sér aukatryggingu fyrir um eina til eina og hálfu milljón krónur, og hafi þeir sagst ætla að gera það. Jón kveðst hafa samþykkt söluverð bátsins, en að öðru leyti hafi Konráð haft óbundnar hendur. Hafi Konráð sagst ætla að haga málum þannig, að hann, Jón, yrði laus allra mála. Jón kveðst ekki hafa beitt aðalstefnendur neinum rangindum eða brögðum í sambandi við þessi viðskipti, enda hafi hann fengið sérfróðan mann til að sjá um söluna.

Vitnið Kristján Helgason kveðst hafa eignast v/b Skálafell ásamt Gunnari Gunnarssyni, er báturinn var nýsmíðaður, og hafi þeir átt bátinn, þar til þeir seldu hann Jóni Valgeirssyni. Jón hafi svo komist í vanskil við þá Gunnar og hafi þeir þá rætt um það við Gunnar, að annað hvort greiddi hann skuldina eða hann reyndi að selja bátinn. Sér hafi svo verið kunnugt um, að Jón hafi sett bátinn á söluskrá hjá Konráði Ó. Sævaldssyni. Kristján kveðst svo fyrst hafa rætt við menn þá, sem keyptu bátinn af Jóni, er hann og Gunnar hafi hitt þá niðri á bryggju, er þeir voru að koma með bátinn frá Siglufirði. Hafi erindi þeirra verið að athuga ástand bátsins eftir siglinguna frá Siglufirði. Hann hafi þarna komist að raun um, að váttryggingarfjárhæð bátsins hafði ekki verið hækkuð frá því hann átti bátinn. Kveður hann sér hafa fundist það óvarkárni og hafi hann bent mönnunum á þetta.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, sem átti v/b Skálafell ásamt Kristjáni Helgasyni, kveður að því hafa komið, að stefndi Jón hafi ekki staðið í skilum með verð bátsins. Þeir hafi þá sagt honum að reyna að selja bátinn. Kveður hann sér kunnugt um, að báturinn hafi verið seldur fyrir milligöngu Konráðs Ó. Sævaldssonar og hafi kaupendur verið Hólmar Víðir Gunnarsson og annar maður. Muni Konráð hafa hringt í sig og sagt sér frá þessu. Gunnar kveðst svo ásamt Kristjáni hafa verið staddur niðri á bryggju hér í Reykjavík, er báturinn kom frá Siglufirði. Í viðræðum við hina nýju eigendur hafi komið fram, að þeir höfðu siglt bátnum frá Siglufirði án þess að kaupa líftryggingu fyrir sig. Þeir Kristján hafi svo bent mönnunum á að hækka tryggingarfjárhæð bátsins, ef ekki væri búið að því.

Kröfur sóknaraðilja í aðalsök eru byggðar á því, að stefndi Jón Valgeirsson, sem komið hafi fram af hálfu seljanda v/b Skálafells, Konráð Ó. Sævaldsson, sem haft hafi milligöngu um

kaupin af hálfu seljenda, og starfsmaður hans, Jóhann Marel Jónasson, sem gengið hafi frá kaupunum, hafi með röngum upplýsingum og með því að leyndu sóknaraðilja með sviksamlegum hætti veigamiklum atriðum í sambandi við kaupin og vanrækja að afla upplýsinga um atriði, sem þýðingu höfðu við kaupin, stuðlað að því að koma á kaupunum, sem ekki hefðu orðið, ef sóknaraðiljar hefðu vitað hið rétta. Er því haldið fram, að Jón Valgeirsson og eiginkona hans, Elísabet Matthíasdóttir, hafi ekki verið skráðir eigendur v/b Skálafells, er sóknaraðiljar festu kaup á bátnum. Hafi sóknaraðiljum ekki verið skýrt frá þessu og hafi þeir ekki vitað annað en að þau Jón og Elísabet væru eigendur bátsins. Hafi Jón einnig komið fram með þeim hætti, að sóknaraðiljar hafi mátt ætla, að svo væri. Í því sambandi sé á það að líta, að sóknaraðiljar hafi ekki fengið að sjá veðbókarvottorð við kaupin. Þá er því haldið fram, að áhvílandi veðskuldum hafi verið vísitandi ranglega lýst í kaupsamningi og hafi sóknaraðiljum ekki verið bent á, að veðskuldir væru að hluta gengistryggðar. Þá hafi þeim ekki verið bent á, að þau Jón og Elísabet höfðu stórlega vanefnt kaupsamning sinn við fyrri eigendur bátsins. Þá hafi ekki verið skýrt frá því, að afborgun af skuld við Byggðasjóð hafi verið gjaldfallin og að búið hafi verið að biðja um nauðungarsölu á bátnum af þeim sökum. Þá hafi sóknaraðiljar einnig verið leyndir því, að afborgun af skuld við Fiskveiðasjóð hafi einnig verið gjaldfallin. Þá hafi hvílt á bátnum skuld vegna vangreiddra tryggingariðgjalda. Þá hafi þau Jón og Elísabet ekki haldið við viðbótartryggingu fyrir bátinn, sem þau höfðu keypt. Því hafi báturinn verið vantryggður við kaup sóknaraðilja og hafi þeim ekki verið skýrt frá því. Auk framangreindra atriða er krafa á hendur stefnda Konráði byggð á því, að hann og starfsmaður hans hafi vanrækt að sýna sóknaraðiljum kaupsamninginn milli fyrri eigenda bátsins, Gunnars Gunnarssonar og Kristjáns Helgasonar, og Jóns og Elísabetar, en Konráð hafi einnig gengið frá þeim kaupum. Þá hafi einnig verið vanrækt að afla gilds og nothæfs veðbókarvottorðs til undirbúnings kaupum sóknaraðilja. Þá hafi ekki legið fyrir kvittanir þær, sem ráð sé gert fyrir í 2. tl. kaupsamningsins, og ekki hafi verið gert yfirlit, sem ráð sé fyrir gert í 4. gr. laga um fasteignasölu. Þessi vanræksla hafi valdið því, að sóknaraðiljar hafi ekki fengið nægar og réttar upplýsingar um atriði, sem hafi verið ákvörðunarástæður við

kaupin, en sóknaraðiljar hefðu ekki gengið til kaupanna, ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir.

Sýknukrafa varnaraðiljanna Jóns og Elísabetar í aðalsök er í fyrsta lagi byggð á því, að þau hafi haft fulla heimild til að selja v/b Skálafell, þótt þau hafi ekki verið búin að fá afsal frá fyrri eigendum. Ef sóknaraðiljar hefðu staðið við skuldbindingar sínar og gefið út umsamið skuldabréf með veði í fasteign, þá hefðu þeir getað krafist afsals úr hendi Jóns og Elísabetar. Er því haldið fram, að sóknaraðiljar hafi ekki verið leyndir því, að þau Jón og Elísabet voru ekki þinglesnir eigendur bátsins, enda hafi veðbókarvottorð legið frammi við samningsgerðina. Einnig hafi sóknaraðiljum mátt vera ljóst af skráningareinkennum bátsins, að hann var skrásettur í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en seljendurnir búsettir á Siglufirði. Þá hafi sóknaraðiljar hitt fyrri eigendur bátsins, er þeir, sóknaraðiljar, komu með bátinn til Reykjavíkur frá Siglufirði. Af þessum ástæðum sé ekki grundvöllur til riftunar vegna vanheimildar, enda séu fyrri viðskipti um bátinn sóknaraðiljum óviðkomandi. Því er haldið fram, að stefnendur hefðu fengið bátinn skráðan á sitt nafn, ef þau hefðu óskað eftir því, en jafnvel þótt svo hefði verið, hefðu þau ekki átt rétt til tryggingarfjárins eftir bátinn, því allar skuldir, sem á bátnum hvíldu, hafi fallið í gjalddaga, er hann fórst, og sóknaraðiljar ekki boðið annað veð í staðinn. Þá er því mót-mælt, að þeim Jóni og Elísabet hafi verið skylt að sjá um, að viðbótartrygging væri keypt fyrir bátinn, svo að heildarváttrygging hans næmi kaupverðinu. Er því haldið fram, að báturinn hafi verið úr allri ábyrgð þeirra, er sóknaraðiljar tóku við honum. Hins vegar hafi þeir Jón, Konráð og Jóhann Marel Jónasson upplýst sóknaraðilja um þetta atriði og hvatt þá til að kaupa viðbótartryggingu fyrir bátinn. Hafi sóknaraðiljar þótt ætla að gera það. Af þessum ástæðum verði sóknaraðiljum einum gefin sök á því, að tryggingarfjárhæð bátsins var ekki hærri, og verði ábyrgð á því ekki felld á Jón og Elísabet með neinum hætti. — Það kemur fram af hálfu þessara varnaraðilja, að veðskuldir við Byggingasjóð (sic) og Fiskveiðasjóð hafi verið tilgreindar í einu lagi í samningi þeirra og sóknaraðilja og að eftirstöðvar skulda þessara hafi raunverulega verið nokkru hærri en fram komi í kaupsamningi. Hafi þetta stafað af því, að vextir höfðu bæst við höfuðstól hvors láns, og hafi verið erfitt að fá upplýsingar hjá stofnununum um, hverjar eftirstöðvarnar væru.

Af þessum sökum hafi verið sett það ákvæði í samninginn, að fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út við kaupin, ætti að hækka eða lækka eftir því, hver raunveruleg staða veðskuldanna væri. Þótt texti kaupsamningsins um þetta atriði sá ógreinilegur, megi þó vel lesa það. Hafi sóknaraðiljar ekki verið leyndir neinu varðandi þetta atriði. Það sé og venja að ganga frá kaupum á fasteignum og skipum með þessum hætti. Er því einnig haldið fram, að sama sé að segja um það, að hluti af láni Byggðasjóðs hafi verið í þýskum mörkum og hluti af láni Fiskveiðasjóðs gengistryggður. Þetta hafi Jón, Konráð og Jóhann Marel Jónasson rætt við sóknaraðilja. Einnig hafi þeir getað séð af veðbókarvottorði, að hluti af öðru láninu var í þýskum mörkum. Þá hafi annar sóknaraðili átt bát áður og hafi honum því mátt vera kunnugt um þetta. Er því mótmælt, að þetta hafi verið ákvörðunarástæða um kaupin af hálfu sóknaraðilja.

Þá er því haldið fram, að það hafi verið hagstæðast fyrir sóknaraðilja, að áhvílandi veðskuldir væru sem hæstar, þar sem lánstími þeirra hafi verið lengri en greiðslutími veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Af þessu sé augljóst, að sóknaraðiljar hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þótt veðskuldir hafi raunverulega verið nokkru hærri en í kaupsamningi segir. Að minnsta kosti geti það ekki orðið grundvöllur riftunarkröfu, þar sem í lófa lagið hafi verið að draga fjárhæð þá, sem umfram var, frá fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út. Er í þessu sambandi mótmælt, að skuldaskil Jóns og Elísabetar við fyrri eigendur bátsins skipti máli, enda hefðu engin vandkvæði orðið, ef sóknaraðiljar hefðu staðið við samninginn af sinni hálfu. — Svo sem hér hefur verið rakið er því haldið fram, að ekki sé grundvöllur fyrir riftunarkröfu sóknaraðilja, þar sem kaupendur hafi ekki verið leyndir neinu, sem þýðingu hafði við kaupin, og ekki beittir svikum, en auk þess er því haldið fram, að sóknaraðiljar geti ekki fullnægt því skilyrði riftunarkröfu að skila v/b Skálafelli. Því geti ekki komið til riftunar kaupsamningsins. Sýknukrafa varnaraðiljanna Jóns og Elísabetar í aðalsök er einnig byggð á því, að þau hafi falið Konráði Ó. Sævaldssyni að sjá um sölu bátsins og beri hann einn ábyrgð á öllum atriðum í því sambandi, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1938, enda sé hann löggiltur fasteignasali, sem eigi að hafa þekkingu á slíkum málum. Af hálfu þessara varnaraðilja er skaðabótakröfu sóknar-

aðilja sérstaklega mótmælt, þar sem engin gögn hafi verið lögð fram henni til stuðnings, hún sé ekki nægilega rökstudd og hvíli ekki á lagagrundvelli.

Sýknukrafa stefnda Konráðs Ó. Sævaldssonar í aðalsök er byggð á því, að hann hafi gengið réttilega frá samningi sóknaraðilja og varnaraðilja og fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum um fasteignasölu. Honum hafi ekki borið að kaupa váttryggingu fyrir bátinn, enda sé slík skylda ekki lögð á seljendur fasteigna og báta. Hún hvíli á kaupendum sjálfum. Hafi einnig verið búið að gera sóknaraðiljum grein fyrir, hvernig þessu atriði væri háttað. Þá hafi veðbókarvottorð legið frammi við gerð kaupsamnings og því hafi sóknaraðiljum verið kunnugt um, hver var skráður eigandi bátsins. Hins vegar skipti það ekki máli í þessu sambandi, þótt seljendur, varnaraðiljar í aðalsök, væru ekki skráðir eigendur, og hafi sóknaraðiljar ekki glatað neinum rétti á hendur þeim af þeim sökum. Breyti það ekki neinu, þótt varnaraðiljar hefðu verið skráðir eigendur bátsins, því fyrri eigendur hans, Gunnar og Kristján, hafi átt háar kröfur tryggðar með veði í bátnum, sem stöfuðu frá fyrri sölu bátsins. Því hefði ekkert komið í hlut sóknaraðilja af váttryggingarfé bátsins, þótt báturinn hefði verið skráður á nafn varnaraðilja. Er því og haldið fram, að fyrri eigendur hafi verið hafðir með í ráðum við sölu bátsins til sóknaraðilja og því hefðu þeir, sóknaraðiljar, fengið afsal, ef þeir hefðu staðið í skilum með kaupverðið. Þá er því mótmælt, að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum af hálfu sóknaraðilja, að lán við Bygðasjóð væri ekki að hluta í þýskum mörkum og lán Fiskveiðasjóðs að hluta gengistryggt. Ekki skipti heldur máli, þótt lán þessi væru greind í samningi aðiljanna eingöngu í íslenskum krónum, því fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem sóknaraðiljar áttu að gefa út fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, hafi átt að hækka eða lækka í samræmi við upplýsingar um stöðu þessara tveggja lána. Er því mótmælt, að stefndi Konráð verði á nokkurn hátt gerður ábyrgur vegna hugsanlegrar riftunar kaupsamningsins um v/b Skálafell, því hann hafi gengið frá sölunni á fullkomlega löglegan hátt samkvæmt 4. gr. laga um fasteignasölu. Er því og mótmælt, að Konráð verði á nokkurn hátt gerður ábyrgur fyrir afleiðingum þess, að v/b Skálafell fórst. Er því sérstaklega mótmælt, að hann verði gerður ábyrgur fyrir skaðabótakröfu sóknaraðilja í aðalsök, en sú krafa sé einnig algerlega órökstudd.

Krafa sóknaraðilja í gagnsök, Jóns og Elísabetar, er byggð

á því, að af þeirra hálfu hafi réttilega verið staðið að samningsgerðinni við varnaraðilja í gagnsök, Hólmur Víði og Guðjón, svo sem fram komi í rökstuðningi fyrir sýknukröfu þeirra í aðalsök, og hafi þau efnt ákvæði samningsins af sinni hálfu.

Krafa varnaraðilja í gagnsök, Hólmars Víðis og Guðjóns, er byggð á því, að rifta beri samningi aðiljanna, svo sem fram komi í rökstuðningi fyrir kröfum þeirra í aðalsök, því geti ekki orðið um það að ræða, að þeim verði gert að efna samninginn.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 26. júlí 1973, voru þeir Gunnar Gunnarsson og Kristján Helgason skráðir eigendur v/b Skálafells, SH 240. Er ágreiningslaust, að svo hafi einnig verið, er báturinn fórst 25. janúar 1974. Samkvæmt veðbókarvottorði þessu hvíldu á bátnum skuld við Fiskveiðasjóð Íslands að fjárhæð kr. 2.800.000, tryggð með 1. veðrétti, skuld við Byggðasjóð að fjárhæð kr. 215.000, tryggð með 2. veðrétti, og skuld við Byggðasjóð að fjárhæð D. M. 15.656.86, einnig tryggð með 2. veðrétti. Í veðskuldabréfinu fyrir láninu í Fiskveiðasjóði Íslands kemur fram, að sjóðnum hafi verið heimilt að innheimta 3/5 hluta af láninu eða eftirstöðvum þess á hverjum tíma með breytilegri fjárhæð, sem næmi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum. Í veðskuldabréfinu fyrir láninu við Byggðasjóð, sem er í þýskum mörkum, kemur fram, að þar er raunverulega um að ræða jafnvirði hinnar þýsku fjárhæðar í íslenskum krónum á grundvelli gengisins D. M. 100.00 = ísl. kr. 2.746.40 á útborgunardegi og sölugengi íslenskra banka á vesturþýskum mörkum á greiðsludögum afborgana og vaxta. Fram er komið í gögnun málsins, að Byggðasjóður hafi hinn 25. júlí 1973 beðið um nauðungaruppboð á v/b Skálafelli vegna vanefnda á veðskuldinni að fjárhæð D. M. 15.656.86. Var beiðni þessi síðan afturkölluð 3. maí 1974, er váttryggingarfjárhæð bátsins hafði verið greidd.

Gegn neitun þeirra Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar er ósannað, að þeim hafi verið kynnt veðbókarvottorð um v/b Skálafell, þar sem fram kom, hverjir voru skráðir eigendur bátsins. Einnig er ósannað, að þeim hafi verið gerð grein fyrir því með öðrum hætti, hverjir voru skráðir eigendur bátsins. Verður að telja ósannað, að þeir hafi mátt gera sér grein fyrir því, að það var ekki á valdi viðsemjenda þeirra, Jóns og Elísabetar, að gefa þeim afsal fyrir bátnum. Þykir það ekki eiga að hafa áhrif á þetta atriði, þótt skráningareinkenni bátsins hafi verið fyrir annað lögsagnarumdæmi en það, sem heimili

seljenda var í. Þá er og ósannað, að Hólmari Víði og Guðjóni hafi verið skýrt frá vanefndum þeirra Jóns og Elísabetar við fyrri eigendur bátsins og vanefndunum við Byggðasjóð og Fiskveiðasjóð. Bar þeim, sem um söluna sáu fyrir þau Jón og Elísabet, að sjá um, að þeim Hólmari Víði og Guðjóni væri gert ljóst, hvernig þessum málum var háttað. Þá þykir á það hafa skort, að nægilega glögg grein væri gerð fyrir áhvílandi veðskuldum, sem að hluta voru í þýskum mörkum og að hluta gengis tryggð með öðrum hætti, en ósannað er, að ekki hafi verið unnt að afla upplýsinga um þessi atriði. Þegar atriði þessi eru virt, verður að telja, að á það hafi skort, að sóknaraðiljum í aðalsök, Hólmari Víði og Guðjóni, hafi verið veittar réttar upplýsingar um atriði, sem hafi verið þess eðlis, að telja verði forsendur fyrir kaupnum brostnar af þeirra hálfu og sé þetta næg ástæða til að krafa um riftun kaupsamningsins, sem felist í kröfugerð þeirra í aðalsök, verði tekin til greina, þótt eigi verði talið, að seljendur, Jón og Elísabet, hafi beitt svikum. Verða aðrar kröfur sóknaraðilja í aðalsök einnig teknar til greina að öðru leyti en því, að ósannað er, að tjón hafi orðið fyrir „vinnutap, kostnað o. s. frv.“, og verður krafa um bætur af þeim sökum ekki tekin til greina. Þykir það ekki hnekkja þessari niðurstöðu gagnvart varnaraðiljum í aðalsök Jóni og Elísabet, þótt mistök hafi orðið í starfi Konráðs Ó. Sævaldssonar, sem hafði verið falið að sjá um sölu v/b Skálafells. Með hliðsjón af ákvæði 58. gr. laga nr. 39/1922 þykir það ekki hagga heimild til riftunar, þótt v/b Skálafell hafi farist 25. janúar 1974. — Vextir af fjárhæð, sem sóknaraðiljar í aðalsök hafa greitt og krefjast endurgreiðslu á, kr. 145.000, ákveðast 13% ársvextir af kr. 75.000 frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags, en 18% ársvextir af kr. 50.000 frá 28. desember 1973 til 15. janúar 1974 og af kr. 70.000 frá þeim degi til greiðsludags. — Eftir þessum úrslitum í aðalsök verður varnaraðiljunum Jóni og Elísabet gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað í aðalsök, sem ákveðst kr. 250.000.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, verða kröfur sóknaraðilja í gagnsök, Jóns og Elísabetar, ekki teknar til greina, og verða varnaraðiljar í gagnsök, Hólmari Víðir og Guðjón, sýknaðir af þeim. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Krafa sóknaraðilja í aðalsök á hendur Konráði Ó. Sævaldssyni varðar annars vegar endurgreiðslu þess hluta kaupverðsins, sem þeir Hólmari Víðir og Guðjón höfðu innt af hendi. Konráð

kom fram sem milligöngumaður við kaupin, og sem löggiltum fasteignasala bar honum að sjá um, að frá þeim væri gengið á fullnægjandi hátt, en á því varð misbrestur. Ekki þykir þó nægur grundvöllur til að dæma hann til greiðslu fjárhæðar þessarar í þessu máli. Hinn hluti kröfugerðarinnar á hendur Konráði varðar greiðslu bóta fyrir „vinnutap, kostnað o. s. frv.“, en þar sem ekki hafa verið færðar sönnur að slíku tjóni, verður hann einnig sýknaður af þeirri kröfu. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli sóknaraðilja í aðalsök og stefnda Konráðs falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum dr. Jakob Sigurðssyni forstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja í aðalsök, Hólmars Víðis Gunnarssonar og Guðjóns Ingvarssonar, um riftun samnings þeirra við varnaraðiljana Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttur um kaup sóknaraðilja á v/b Skálafelli, SH 240, er tekin til greina. Er sóknaraðiljum í aðalsök óskyldt að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 1.850.000, tryggt með veði í fasteign. Varnaraðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir skili sóknaraðiljum í aðalsök síðartöldum sjö víxlum, sem út gefnir voru af sóknaraðiljanum Hólmari Víði Gunnarssyni 15. nóvember 1973 og samþykktir af sóknaraðiljanum Guðjóni Ingvarssyni:

Víxill að fjárhæð kr. 50.000 með gjalddaga 28. janúar 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. febrúar 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. apríl 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 150.000 með gjalddaga 28. júní 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. sept. 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 200.000 með gjalddaga 28. nóv. 1974.
 Víxill að fjárhæð kr. 150.000 með gjalddaga 28. des. 1974.

Varnaraðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir skili einnig sóknaraðiljum í aðalsök níu víxlum, sem út gefnir voru 15. nóvember 1973 af sóknaraðiljanum Hólmari Víði Gunnarssyni, ábaktir af sóknaraðiljanum Guðjóni Ingvarssyni og samþykktir af Þorsteini La Voque, hverjum að fjárhæð kr. 20.000, með gjalddögum 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október 1974, og tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð

kr. 25.000, útgefnum sama dag af sama aðilja, samþykktum og áböktum af sömu aðiljum og hinir níu víxlar með gjald-dögum 15. nóvember og 15. desember 1974. Þá greiði varnar-aðiljarnir Jón Valgeirsson og Elísabet Matthíasdóttir sóknar-aðiljum í aðalsök kr. 145.000 með 13% ársvöxtum af kr. 75.000 frá 15. nóvember 1973 til greiðsludags, með 18% ársvöxtum af kr. 50.000 frá 28. desember 1973 til 15. janúar 1974, af kr. 70.000 frá þeim degi til greiðsludags. Í aðalsök greiði varnaraðiljar sóknaraðiljum kr. 250.000 í málskostnað.

Varnaraðilinn Konráð Ó. Sævaldsson skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja í aðalsök, en málskostnaður milli þeirra fellur niður.

Í gagnsök skulu þeir Hólmar Viðir Gunnarsson og Guð-jón Ingvarsson vera sýknir af kröfum Jóns Valgeirssonar og Elísabetar Matthíasdóttur, en málskostnaður í gagnsök fell-ur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júlí 1981.

Nr. 135/1981. Ólafur Jónsson

gegn

Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. júní 1981, er barst Hæsta-rétti 18. s. m., kært synjun þinglýsingardómarans í Rangár-vallasýslu 4. s. m. um að afmá úr þinglýsingarbók sýslunn-ar yfirlýsingu, sem þinglýst var á eign hans, Oddhól í Rangár-vallahreppi, hinn 3. mars 1981. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun þinglýsingardómarans verði felld úr